

Myndmennt 5. og 6. bekkur 2022-23

Kennarar: Íris Olga Lúðvíksdóttir

5, 6

Lýsing

Ýmis verkefni í myndlist, sum sambætt við aðrar námsgreinar. Dæmi um viðfangsefni:

- * Sjónarhorn í myndlist
- * Blóm og plöntur - samþætting við náttúrufræði;
- * Andlit - hlutföll
- * Popplístaðefnan: sjálfsmýndir í margriti
- * Klippimyndir með margvíslegum efnum
- * Landslag

VIÐMIÐ ÚR NÁMSKRÁ

Sjónlistir fyrir 5.- 7. bekk

- **Hæfnieinkunn (A-D)**

Sjónlistir fyrir 5.- 7. bekk - Sjónlistir

- Notað mismunandi efni, verkfæri og miðla á skipulagðan hátt í eigin sköpun.
- Unnið hugmynd frá skissu að lokaverki bæði fyrir tví- og þrívíð verk.
- Fjallað um eigin verk og verk annarra í virku samtali við aðra nemendur.
- Greint og fjallað um áhrif myndmáls í umhverfinu og samfélaginu.
- Nýtt sér grunnþætti myndlistar í eigin sköpun.
- Byggt eigin listsköpun á hugmyndavinnu tengdri ímyndun, rannsóknnum og reynslu.
- Tjáð skoðanir eða tilfinningar í eigin sköpun með tengingu við eigin reynslu.
- Beitt hugtökum og heitum sem tengjast aðferðum verkefna hverju sinni.

VS myndmennt 6. bekkur

- **Hæfnieinkunn (A-D)**

- Átti sig á mismunandi sjónarhornum og hvernig þau hafa áhrif á myndefni í m.a. ljósmyndum og teikningum.

VS myndmennt 6. bekkur - Sjónlistir

- Fjallað um eigin verk og verk annarra í virku samtali við aðra nemendur.
- Beitt hugtökum og heitum sem tengjast aðferðum verkefna hverju sinni.
- Geti sýnt frumkvæði og þor, gert tilraunir í listsköpun og valið og beitt viðeigandi aðferðum og tækni.

VS myndmennt 6. bekkur - Menningarläsi

- Nýti tímann til vinnu.
- Nái tókum á litablöndun og geti beitt henni í sköpun myndverka.

KENNSLUSKIPULAG

- **Andlitsteikning**

Nemendur rannsaka hlutföll andlits og höfuðs. teikna nokkrar æfingar, bæði almennar andlitsmyndir sem og sjálfsmyndir. Útlínur tússaðar og málað með vatnslitum.

- **Landnám**

Samþætting við samfélagsfræði. Nemendur stofna sitt eigið land, í myndmenntatímum hanna, teikna og mála nemendur landakort.

- **Myndlistarýni**

Nemendur rýna í ýmis listaverk, ræða og greina